

Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

MÓTTEKIÐ  
- 7. NOV. 2011  
Afhendist: \_\_\_\_\_



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566  
postur@umhverfisraduneyti.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 3. nóvember 2011  
Tilv.: UMH11070082/0011

Að undanfögnu hefur staðið yfir vinna í umsjón Skipulagsstofnunar við gerð nýrrar skipulagsreglugerðar. Með það að leiðarljósi að hafa sem víðtækast samráð sendi Skipulagsstofnun öllum sveitarstjórnnum og um 70 félagasamtökum og stofnunum bréf með ósk um ábendingar um hvað mætti betur fara í nýrri skipulagsreglugerð. Jafnframt voru skipaðir 4 vinnuhópar, þ.e. stýrihópur, vinnuhópur um landsskipulagsstefnu, svæðis- og aðalskipulag, deili- og hverfisSKIPULAG sem í voru fulltrúar Skipulagsstofnunar, Samband íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytis. Öllum þessum aðilum var boðið til málstofu til að ræða hugmyndir um nýja skipulagsreglugerð. Þá voru drög að reglugerð einnig kynnt samhliða kynningu á nýjum skipulagslögum og lögum um mannvirki á kynningarfundum um landið í janúar og febrúar síðastliðnum.

Skipulagsstofnun hefur nú skilað tillögum sínum til umhverfisráðuneytisins. Ráðuneytið hefur farið yfir framangreindar tillögur og gert minniháttar efnisbreytingar á tillögum Skipulagsstofnunar.

Hér með er óskað eftir umsögn um framkomin drög að reglugerð og að hún berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. desember nk. Stefnt er að því að úrvinnslu umsagna verði hraðað eftir föngum og að ný reglugerð taki gildi um áramót.

Drög að nýrri skipulagsreglugerð er að finna á heimasíðu umhverfisráðuneytis, <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/1934>. Þeir sem óska eftir að fá útprentað eintak eða drögin send á tölvutæku formi er bent á að hafa samband við Láru Kristínu Traustadóttur í umhverfisráðuneytinu í síma 545 8600 eða með tölvupósti til [lara.k.traustadottir@umh.stjr.is](mailto:lara.k.traustadottir@umh.stjr.is).

Fyrir hönd ráðherra

  
Íris Bjargmundsdóttir